



## Fundargerð

### 532. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, föstudaginn 29. maí 2026.

#### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Jóhannes Gissurarson, oddviti bauð fundarmenn velkomna til fundar og setti fundinn klukkan 14:00.

#### Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2605034 - Ársreikningur 2025 síðari umræða

*Haraldur Örn Reynisson endurskoðandi frá KPMG kynnti helstu niðurstöður Ársreiknings Skaftárhrepps fyrir árið 2025 sem lagður er fram til síðari umræðu í sveitarstjórn. Jafnframt lagði Haraldur Örn fram endurskoðunarskýrslu fyrir árið 2025.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði ársreikning Skaftárhrepps 2025 og undirritaði hann til staðfestingar.**

*Fulltrúi minnihluta laði fram eftirfarandi bókun:*

*Sveinn Jensson, fulltrúi XD og óháðra, samþykki ársreikning Skaftárhrepps fyrir árið 2025 við síðari umræðu.*

*Samþykkt mín felur þó ekki í sér að ég telji fjármálastjórn sveitarfélagsins á árinu hafa verið nægilega trausta eða að framsetning um „afar góða stöðu“ gefi íbúum rétta heildarmynd.*

*Ársreikningur og sundurliðun sýna að A-hluti sveitarfélagsins er rekinn með tapi, handbært fé frá rekstri Aðalsjóðs er verulega neikvætt, skammtímaskuld við lánastofnun er há og verulegar fjárhæðir eru bundnar í óinnheimtum tekjum og öðrum skammtímakröfum.*

*Jafnframt bendir endurskoðunarskýrsla KPMG á fimm verulega veikleika í innra eftirliti sveitarfélagsins, meðal annars varðandi fjárhagsbókhald, frávik frá fjárhagsáætlun, prókúru og aðgangsheimildir, sem og lánveitingar til Eldvilja ehf. án heimildar í fjárhagsáætlun.*

*Ég tel nauðsynlegt að ný sveitarstjórn fái strax skýra úrbótaáætlun vegna þessara atriða og að mál tengd Eldvilja ehf., Kirkjubæjarstofu ses. og framkvæmdum að Klausturvegi 4 verði rýnd bæði fjárhagslega og stjórnsýslulega.*

*Markmiðið er skýrara verklag, betri yfirsýn, gagnsæi og ábyrgari fjármálastjórn.*

BHS Ar  
Shi  
G.S. J.S.  
1718



2. 2605035 - Tillaga vegna fjárhagslegrar stöðu Eldvilja ehf. og Kirkjubæjarstofu ses.

*Tillaga vegna fjárhagslegrar stöðu Eldvilja ehf. og Kirkjubæjarstofu ses.*

*Allt frá því að Skaftárhreppur og Kirkjubæjarstofa ses, hófu sameiginlega þá vegferð árið 2021 að gera Eldvilja ehf. að fasteignafélagi, sem hafði þann megin tilgang að reka fasteignir Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri hafa fjárhagslegir burðir þessara rekstrareininga verið afar þröngir og skuldastaða Eldvilja ehf. og Kirkjubæjarstofu ses. sífellt verið að versna.*

*Þá hafa viðamiklar endurbætur á húseignum þeim að Klausturvegi 4, sem heyra undir Eldvilja ehf. og óljós skipting á þeim kostnaði gagnvart Skaftárhreppi allt frá árinu 2021 aukið mjög á allt flækjustig hvað þessar viðhalds og endurbótaframkvæmdir á húsnæðinu varðar.*

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði að fela endurskoðendafyrirtæki sveitarfélagsins KPMG, að greina fjárhagslega stöðu Eldvilja ehf. og Kirkjubæjarstofu ses. og að leggja í framhaldinu fram mótaða tillögu að þeirri færustu leið sem finnst, til að koma rekstri þessara aðila aftur á rétt spor. Gert er ráð fyrir því að endurskoðandi leggi fram sína niðurstöður, fyrir nýkjörna sveitarstjórn eigi síðar en 15. júlí næstkomandi.**

*Fulltrúi minnihluta lagði fram eftirfarandi tillögu:*

*Ég, Sveinn Jensson, fulltrúi XD og óháðra, tek undir fyrirbyggjandi tillögu oddvita um að fela KPMG að greina fjárhagslega stöðu Eldvilja ehf. og Kirkjubæjarstofu ses. og leggja fram tillögu að leið til að koma rekstri þessara aðila á rétt spor.*

*Því vil ég leggja fram eftirfarandi tillögu:*

*Sveitarstjórn leggur til að KPMG verði falið að leggja fram tillögu að umfangi, kostnaðaráætlun og verkáætlun vegna stjórnarsýslulegrar úttektar á ákvörðunum, gjörningum, fjárhagslegum ráðstöfunum, kostnaðarskiptingu, heimildum, samningum og bókunum sem tengjast Eldvilja ehf., Kirkjubæjarstofu ses. og framkvæmdum að Klausturvegi 4, eftir atvikum allt aftur til ársins 2021.*

*Í þeirri verkáætlun verði sérstaklega afmarkað hvort skoða eigi hvort fyrir hafi legið fullnægjandi samþykktir sveitarstjórnar, fjárheimildir, samningar, skuldaviðurkenningar, tryggingar og formleg gögn um skiptingu kostnaðar milli aðila. Tillaga KPMG að umfangi, kostnaði og verkáætlun verði lögð fyrir nýja sveitarstjórn til formlegrar afgreiðslu.*

**Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu í einu hljóði.**

#### **Fundargerðir:**

3. 2605036 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu

Lögð fram til kynningar fundargerð 99. fundar Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu frá 28. apríl 2026 ásamt ársreikningi 2025.

BHS  
Sri  
1719  
GPS



**Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi bókun:**

Undanfarin fjögur ár hafa verið gríðarlega lærdómsrík fyrir mig persónulega og er ég afar þakklátur fyrir það traust sem ég hef haft í mínum störfum sem sveitarstjóri Skaftárhrepps.

Samskipti við íbúana hafa verið til fyrirmyndar og er ég þakklátur fyrir þau samskipti og ekki síður þau sem hafa verið krefjandi. Ég hef átt í afar góðu samstarfi við starfsfólk sveitarfélagsins og er þar unnið af miklum dugnaði og heilindum.

Á þessum fjórum árum hef ég þurft að taka erfiðar ákvarðanir, sem fylgir starfi sem þessu og hafa þær ekki allar verið auðveldar eða vinsælar.

Annars fela breytingar alltaf í sér tækifæri og þau munu eflaust biða mín sem og fráfarandi sveitarstjórnarfulltrúum. Ég vil þakka sveitarstjórnarfulltrúum fyrir afar gott samstarf á þessum árum. Einnig langar mig þakka starfsfólki og íbúum sveitarfélagsins fyrir samstarfið og ánægjuleg kynni. Það eru vissulega íbúarnir sem byggja upp gott samfélag.

**Jóhannes Gissurarson, oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:**

Þá er að renna sitt skeið enn eitt kjörtímabil sveitarstjórnar Skaftárhrepps. Að baki eru viðburðarrík fjögur ár sem hafa einkennst af miklum viðhalds og uppbyggingarverkefnum hvað varðar innviði sveitarfélagsins, ásamt ríkri áherslu á að jafna aðstöðumun, bæta búsetuskilyrði og skerpa á lögbundnum skyldum, jafnt einstaklinga sem atvinnulífs í sveitarfélaginu.

Sem oddviti fráfarandi sveitarstjórnar vil ég þakka öllu starfsfólki sveitarfélagsins, sem og öðrum íbúum Skaftárhrepps fyrir góð samskipti liðinna ára.

Þá vil ég einnig þakka samstarfsfólki mínu í sveitarstjórn fyrir afar gott samstarf á kjörtímabilinu, sem og fráfarandi sveitarstjóra Einari Kristjáni Jónssyni vil ég þakka sérstaklega fyrir einkar góða og trausta samvinnu liðinna ára og óska honum alls hins besta í hverju því verkefni sem bíður hans í framtíðinni.

Ég vil svo að lokum óska samferðafólki mínu næstu fjögur árin, það er nýkjörnum sveitarstjórnarfulltrúum Skaftárhrepps velfarnaðar í sínum hlutverkum og minni á að það fylgir vandi vegsemd hverri.

Fundargerð yfirlésin,  
fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 15:22.

  
Jóhannes Gissurarson

  
Björn Helgi Snorrason

  
Gunnar Pétur Sigmarsson

  
Auður Guðbjörnsdóttir

  
Sveinn Hreiðar Jensson